

Nefndasvið Alþingis
Hildur Edwald,
skjalaritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 10. október 2019
2019090026/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011, með síðari breytingum (kæruheimild samtaka), 45. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 19. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011, með síðari breytingum (kæruheimild samtaka), 45. mál.

Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt að umhverfisverndar-, útivistar- og hagsmunasamtök eigi sem víðtækasta aðkomu að þeim málum sem viðkomandi samtök vinna að enda mörg mál, t.d. náttúruverndarmál, oft af þeirri stærðargráðu að þau geta varðað þjóðina alla eða heila landshluta.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

